

Sjálfsmatskýrsla gæðaráðs Keilis

2013 - 2014



Keilir

Miðstöð vísinda,
fræða og atvinnulífs

Mat á skólastarfi

Gæðaráð heyrir undir framkvæmdastjórn Keilis og vinnur eftir meginmarkmiðum þess og samkvæmt gæðahandbók Keilis. Gæðaráð sér aðallega til þess að innri úttektir séu framkvæmdar og niðurstöðum sé skilað til gæðaráðs, sem heldur til haga öllu sem við kemur gæðamálum hjá Keili. Um miðja hverja önn metur gæðaráð hvort markmiðum sé fylgt eftir og frávikum sé lokað.

Megin verkefni gæðaráðs Keilis eru:

- Hefur umsjón með framkvæmd á innri úttektum.
- Setur gæðamarkmið Keilis í samráði við framkvæmdastjórn.
- Innra eftirlit með daglegum rekstri Keilis.
- Starfsmannastefna.
- Starfsmannamál.
- Gæðastefna og uppfærsla á gæðahandbók.
- Úrvinnsla á niðurstöðum úttekta.
- Tillögur til úrbóta við framkvæmdastjórn.
- Tryggja gæði náms.

Litið er á gæðastjórnun skólans sem lið í daglegum rekstri hans. Í Keili er unnið að því að bæta gæði skólastarfsins með hliðsjón af eftirfarandi gæðamarkmiðum.

Gæðastefna Keilis

Gæðastefna Keilis er sett undir forystu framkvæmdastjóra Keilis. Hann ber ábyrgð á því að gæðastefnan sé í samræmi við markmið og starf Keilis. Framkvæmdastjóri skal sjá til þess að gæðastefnunni sé viðhaldið.

Gæðastefna Keilis er birt á sérstöku skjali og er einnig aðgengileg í Handbók Keilis, sem er vistuð á innri vef skólans.

Hlutverk Keilis er að veita nemendum sínum og viðskiptavinum sem besta þjónustu. Lögð er áhersla á að skapa sem heilbrigðast umhverfi fyrir nemendur og starfsfólk þannig að allir geti sinnt hlutverki sínu innan fyrirtækisins – hvort heldur er í námi eða annarri vinnu.

Sérstakt gæðaráð skal leitast við að starfssemin taki sem mest mið af markmiðum starfsseminnar. Í því skyni stuðlar gæðaráð að innra eftirliti, ytri úttektum sem og tillögum til úrbóta eftir því sem kostur er. Skal stöðugt leitað eftir samstarfi nemenda og starfsfólks í þessu skyni. Unnið er á grundvelli laga um framhaldsskóla 92/2008 með síðari breytingum sem og samningi Keilis við Mennta- og menningarmálaráðuneytið. Gæðaráð er skipað fjórum einstaklingum, völdum af framkvæmdastjóra.

Samkvæmt gæðastefnu Keilis skal stöðugt leitast við að:

- Halda uppi skýru og reglulegu innra eftirliti með úttektum og tengja við gæðastjórnun Keilis. Leita jafnframt eftir ytra eftirliti sem þjóna megir markmiðum gæðastefnu.
- Safna sem gleggstum upplýsingum um árangur af skólastarfi, þ.m.t. árangur á prófum, umsögnum um kennara og starfsfólk, árangur nemenda að námi loknu, líðan nemenda og starfsfólks í skólanum og annað það sem kann að þjóna gæðamarkmiðum.
- Endurskoða reglulega gæðamarkmið.
- Taka út reglulega styrkleika og veikleika í starfinu.
- Sjá til þess að öllum markmiðum, s.s. um fjölskyldustefnu, samfélagsábyrgð, umhverfisstefnu og fjárhagslega ábyrgð sé fylgt.
- Tryggja að starf Keilis sé í samræmi við lög, reglugerðir og samninga er snerta starfið á einhvern hátt og sjá til þess að réttindi allra séu virt.
- Gagnkvæm virðing sé ráðandi í umgengni þeirra er starfa og nema innan Keilis.
- Setja ný markmið um aukna þjónustu.

Gæðaráð

Í gæðaráð árið 2013 - 2014 voru skipuð af framkvæmdarstjórn Anna María Sigurðardóttir, Jófríður Leifsdóttir, Jóhann Axel Thorarensen og Stefanía Gunnarsdóttir. Í desember lét Stefanía af störfum og í hennar stað var skipuð Sigurrós Inga Sigurbergisdóttir. Í apríl lét Jóhann Axel af störfum og Jófríður í maí. Það kom engin í þeirra stað þar sem lítið var eftir af skólaárinu. Framkvæmdastjórn ákveður hvaða innri úttektir skuli gera og gæðaráð gerir áætlun og skipuleggur úttektirnar. Þessi skýrsla gerir grein fyrir niðurstöðum úttekta og athugana sem gerðar hafa verið innan Keilis skólaárið 2013 – 2014.

Helstu verkefni 2013 – 2014

Skólinn vann markvisst á skólaárinu 2013 – 2014 að framkvæmd sjálfsmats í samræmi við áætlun um innra mat árið 2013 – 2014. Einnig var gæðahandbók uppfærð þar sem ýmsar nýjungar voru innleiddar. Gæðahandbók Keilis er nú vistuð inn á One system þar sem allir fastir starfsmenn hafa aðgang að henni.

Í niðurstöðum kannana sem birtar eru hér neðar vantar setningar þar sem nemendur fengu að tjá sig um það sem betur má fara og hvað vel er gert. Þetta er gert vegna þess að margir starfsmenn eru nefndir nöfnum og því ekki ásættanlegt að birta það opinberlega.

Við hverja könnun má sjá hvernig umbótum verður háttað ef þeirra er þörf.

Á starfsárinu voru eftirfarandi atriði metin:

Kennsla og kennsluhættir

Veturinn 2013 til 2014 voru kennslukannanir lagðar fyrir í 123 áföngum í heildina. Sendur var út spurningarlisti til nemenda í gegnum tölvupóst. Forstöðumaður fer yfir kennslukannanir með viðkomandi kennara og kemur með tillögur að úrbótum ef einhverjar eru. Hér fyrir neðan má sjá helstu niðurstöður kennslukannana fyrir Háskólabrú og ÍAK einkaþjálfun, þar sem þær deildir eru undir Menntamálaráðuneytinu. Allt voru sendar út 31 kennslukönnun fyrir Háskólabrú og 15 kennslukannanir fyrir ÍAK.

Á vorönn 2013 voru haldnir 9 matsfundir í fjórum deildum. Valdir voru af handahófi 6-10 nemendur úr hverri deild. Boðað var til fundar með viku fyrirvara. Tveir starfsmenn á kennslusviði héldu utan um fundina. Annar starfsmaðurinn stjórnaði og hinn skráði niður umræðurnar. Byrjað var á því að fara jákvæðan hring þar sem hópurinn fjallaði jákvætt um kennsluhætti, skipulag kennslu, námsefni og aðbúnað. Því næst var farinn neikvæður hringur þar sem nemendur fengu tækifæri til þessa að tjá sig um þau atriði sem mættu betur fara að þeirra mati. Öll svör voru skráð niður til úrvinnslu en fyllsta trúnaðar er gætt á þessum fundum. Farið er yfir niðurstöður með forstöðumanni viðkomandi deildar og hefur hann hálfan mánuð til að fara yfir og koma með tillögur til breytinga ef þess er þörf.

Helstu niðurstöður kennslukannana á HBR

	Mjög sammála	Sammála	Hlutlaus	Ósammála	Mjög ósammála
Námskeiðið er vel skipulagt	37%	44%	15%	3%	1%
Fyrirlestrar eru skýrir og áheyrilegir	43%	41%	11%	5%	0%
Spegluð kennsla hentar mér sem kennsluaðferð	44%	34%	13%	7%	2%
Námsefni og verkefni ýta undir skilning á efninu	37%	50%	8%	5%	0%
Námskeiðið er krefjandi	50%	41%	8%	1%	0%
Viðmót kennara gagnvart nemendum er vinsamlegt	74%	21%	3%	2%	0%
Kennari er áhugasamur um kennsluna	76%	20%	2%	2%	0%

	Mjög mikill	Mikill	Í meðallagi	Lítill	Mjög lítill
Áhugi á efni námskeiðsins við upphaf þess var	18%	25%	45%	9%	3%
Áhugi á efni námskeiðsins við lok þess er	27%	38%	29%	4%	2%

Helstu niðurstöður kennslukannana í ÍAK

	Mjög sammála	Sammála	Hlutlaus	Ósammála	Mjög ósammála
Námskeiðið er vel skipulagt	34%	53%	8%	5%	0%
Fyrirlestrar eru skýrir og áheyrilegir	30%	51%	8%	14%	6%
Námsefni og verkefni ýta undir skilning á efninu	30%	56%	11%	2%	1%
Námskeiðið er krefjandi	61%	33%	4%	1%	1%
Viðmót kennara gagnvart nemendum er vinsamlegt	77%	16%	5%	1%	1%
Kennari er áhugasamur um kennsluna	74%	23%	2%	1%	0%

	Mjög mikill	Mikill	Í meðallagi	Lítill	Mjög lítill
Áhugi á efni námskeiðsins við upphaf þessa var	32%	31%	29%	6%	2%
Áhugi á efni námskeiðsins við lok þess er	40%	38%	17%	3%	2%

Það sem helst má ráða úr kennslukönnunum árið 2013 – 2014 hvað varðar nauðsynlegar umbætur í starfi kennara, er að 14% nemenda hjá ÍAK eru ósammála því að fyrirlestar séu skýrir og áheyrilegir. Þetta er tala sem deildarstjórar vilja sjá lægri og verður unnið að umbótum með því að fara yfir alla fyrirlestra hjá ÍAK og aðstoða kennara við að bæta þá.

Almennt má draga þær niðurstöður af kennslukönnunum að nemendur eru ánægðir með sína kennara og kennarar eru vel fyrir ofan það meðaltal sem gæðaráð miðar við.

Ánægjukönnun starfsfólks Keilis

Á haustönn fór fram ánægjukönnun starfsfólks. Spurt var almennt um ánægju og líðan í vinnunni, jafnvægi á milli vinnu og einkalífs, vinnuástöðu, starfsanda, upplýsingaflæði, umhyggju stjórnenda, starfsþróunarmöguleika og fleira. Í lok könnunar var starfsmönnum gefin kostur á að skrifa hverja þeir töldu vera helstu kosti fyrirtækisins og svo hvaða þætti/hluti þeir töldu að mætti bæta. Niðurstöðurnar voru þær að almennt er starfsfólk ánægt á vinnustaðnum, en alltaf má gera betur og það helsta sem starfsfólk nefndi voru launamál, betri loftræsting og betra upplýsingaflæði. Allt þetta er komið í ferli til að vinna bót á. Einnig fengu stjórnendur niðurstöður sundurliðaðar þannig að hver og einn stjórnandi getur séð svörun í sinni deild og þar með unnið markvisst í að bæta það sem þarf að bæta.

Þjónustukönnun og könnun um líðan nemenda

Á vorönn fór fram þjónustukönnun og könnun um líðan nemenda. Spurt var um líðan nemenda í skólanum, viðmót á skrifstofu, mötuneytið, notkun á heimasíðu, þjónustu bókasafns og námsráðgjöf. Almennt voru nemendur sáttir og greiningar eru í samræmi við það sem gert var ráð fyrir. Það helsta sem nemendur Keilis eru ánægðir með eru kennarar, þjónustan og námið. Það sem nemendur vildu helst bæta er loftræsting, mötuneytið og meira félagslíf. Loftræsting verður alveg tekin í gegn í sumar. Á komandi ári munu nýir aðilar sjá um mötuneytið og námsráðgjafi Keilis hefur fengið það hlutverk að virkja nemendur í að efla félagslífið í skólanum. Þess má geta að stór hluti nemenda sem svaraði könnuninni eru fjarnemendur sem

eru mjög sjaldan í skólahúsnæðinu. Svör verða sundurliðuð eftir námi og hver deildarstjóri fær svo niðurstöður fyrir sína deild til að rýna í og bæta það sem þeir geta bætt.

Störf starfsmanna (annarra en stjórnenda)

Á liðnu skólaári tóku deildarstjórar fastráðna starfsmenn í frammistöðumat. Í ár voru samtölin ekki mjög formföst, heldur fékk starfsfólk send fjögur atriði, sem voru svo notuð sem umræðugrundvöllur í samtölunum. Sem sagt meira opin viðtöl. Þetta form er viðhaft annað hvert ár. Sex mánuðum eftir viðtalið ber deildarstjórum að fara yfir niðurstöður og meta hvort það sé búið að vinna úr því sem ákveðið var.

Móttaka nýs starfsfólks

Í maí sendi gæðaráð út könnun til fastráðinna starfsmanna sem byrjuðu á árinu. Spurt var um hvernig móttökur þeirra voru og hvort tæki og töl hafi verið tilbúin þegar starfsmaðurinn byrjaði. Niðurstöður voru kynntar fyrir stjórnendum á framkvæmdastjórafundi og þá farið yfir hvað hægt er að gera betur.

Almennt var starfsfólk ánægt með móttökuna, en það er alltaf hægt að gera betur. Stjórnendur voru minntir á ferla um móttöku nýrra starfsmanna sem þeir eiga að fara eftir við móttöku nýrra starfsmanna.

Úttekt á stöðu eigna

Það er markmið Keilis að öll aðstaða innan skólans sé til fyrirmyndar og að hinir ýmsu innanstokksmunir séu fyrir hendi. Í byrjun skólaárs gerði húsnæðissvið úttekt á húsnæði og búnaði skólans með þar til gerðum eyðublöðum, bæði frá vinnueftirlitinu og heimagerðum.

Gera upp sjálfsmatsáætlun, markmiðssetning

Í október og í byrjun júní hélt framkvæmdastjórn Keilis stefnumótunarfund. Fyrri fundurinn var haldinn í Bláa Lóninu. Á þeim fundi var farið yfir verkefnalista sem hafði verið unnin á stefnumótunarfundi með öllu starfsfólki Keilis og næstu skref skipulögð. Seinni fundurinn var haldinn á Vocal og þar var farið yfir m.a. gæðaúttekt á vegum HÍ, þróunarráð, fjármálin, móralinn, veikleika, styrkleika, sóknarfæri og fleira.

Náms- og starfsgengi nemenda sem útskrifaðir eru

Á liðnu ári sendu deildarstjórar flugakademíu, háskólabrúar og íþróttakademíu út könnun til nemenda sem útskrifuðust árið 2013 um náms- og starfsgengi þeirra eftir útskrift. Starfsfólk tækniskólans hringdu í útskriftaða nemendur um náms- og starfsgengi þeirra eftir útskrift.

73% nemenda af Háskólabrú héldu áfram námi strax eftir útskrift og langflestir fóru í HÍ. 84% nemenda telja háskólabrú vera mjög góðan eða góðan undirbúning fyrir háskólanám, sem er mjög jákvætt. Það sem nemendum finnst helst vanta upp á er betri grunnur í stærðfræði fyrir verk- og raunvísindagreinir og meiri æfing í ritgerðarvinnu. Það hefur strax verið brugðist við þessu með því að funda með viðkomandi kennurum og stefnumótunarvinna farin af stað með kennurum á háskólastigi. En Keilir nýtur þeirra forréttinda að vera með kennara á framhaldsskóla- og háskólastig innanhús.

Helmingur þeirra sem svöruðu af ÍAK nemendum eru að vinna við fagið. Það er alveg í samræmi við það sem deildarstjóri ÍAK hefur haldið fram. Margir sem hafa farið í gegnum ÍAK einkaþjálfun eru íþróttafólk sem vill bæta við sig þekkingu fyrir sjálf sig en stefnir ekki endilega á að vinna við fagið. Einnig hefur mikið af fagfólki eins og til dæmis sjúkraþjálfarar, hjúkrunarfræðingar, íþróttakennara og fleiri farið í gegnum námið til að bæta við sig þekkingu. Þetta útskýrir að hluta til þessa miklu aðsókn sem virðist vera ár eftir ár í námið.

Íbúakönnun

Í mars sendi húsnæðissvið út stóra íbúakönnun á alla íbúa svæðisins. Niðurstöður voru svo kynntar fyrir starfsfólki húsnæðissviðs Keilis og Háskólavalla.

Gæðakönnun fyrir flugakademíu

Flugakademía Keilis er með gæðastjóra í fastri vinnu sem sér um að taka út öll gæðamál fyrir flugakademíuna og fer yfir allar niðurstöður með flugmálastjórn. Einnig hélt deildarstjóri flugakademíu matsfund einu sinni í mánuði með flugnemendum þar sem farið var yfir hvað má betur fara í náminu.

Skráningarbrottfall

Fylgst var með skráningarbrottfalli í skólanum bæði á haustönn og vorönn, það skráð og sent til gæðaráðs. Það er þó galli í umsóknarkerfinu, sem gera tölurnar ekki eins áreiðanlegar eins og við vildum. Það snýr að því að sumir eru bara að sækja um eitt fag en umsóknin birtist eins og viðkomandi sé að sækja um fullt nám. Þessu þarf að breyta og er það komið í ferli hjá kennslustjórum.

Einkunnadreifing

Einkunnadreifingu er hægt að nálgast á Innu hvenær sem er og reglulega fara deildir yfir einkunnadreifingu í sínum deildum til að hafa til hliðsjónar í stefnumótun deilda.


Aldur, kyn og búseta nemenda

Kennslusvið tekur saman aldur, kyn og búsetu nemenda og sendir á gæðaráð. Hér að neðan er að finna töflu sem inniheldur fjöldatölur nemenda og meðalaldur þeirra. Þetta eru

nemendur á Háskólabrú (HBR) og í ÍAK Einka- og styrktarþjálfaranámi (ÍAK) vor- og haustönn 2014.

Námsleið:	Fjöldi		Meðalaldur	
	Vorönn	Haustönn	Vorönn	Haustönn
Háskólabrú staðnám á Ásbrú	83	74	30 ára	29 ára
Háskólabrú staðnám á Akureyri	23	24	26 ára	24 ára
Háskólabrú fjarnám	154	123	29 ára	30 ára
ÍAK Einka- og styrktarþjálfaranám	56	84	28 ára	29 ára

Á báðum námsleiðunum eru konur í meirihluta en þó er kynjahlutfallið í ÍAK náminu þó jafnara en á HBR.



Nemendur Keilir koma víða að en hér að neðan er finna töflu sem sýnir búsetu nemenda eftir landshlutum en flestir nemenda eru búsettir á Höfuðborgarsvæðinu.

Landshlutar:	Vorönn		Haustönn	
	HBR	ÍAK	HBR	ÍAK
Austurland	2%	3%	2%	2%
Erlendis	2%	1%	3%	3%
Höfuðborgarsvæðið	49%	67%	47%	59%
Norðurland	12%	0%	13%	8%
Reykjaneskagi	25%	14%	26%	16%
Suðurland	6%	5%	7%	6%
Vesturland	3%	10%	2%	6%

Sjálfsmatsskýrsla deilda

Hver deildarstjóri gerir skýrslu í lok annar þar sem lagt er áherslu á það sem er vel gert og hvað þarfnast úrbóta. Hvaða markmið náðust á önninni og setja sér markmið fyrir næsta skólaár. Framkvæmdastjóri fer yfir skýrsluna og kemur með athugasemdir ef einhverjar eru. Skýrslan er svo höfð til hliðsjónar næsta skólaár.

Mat á prófum

Kennarar eru ábyrgir fyrir gerð sinna prófa. Í Keili eru haldin mörg próf og settar eru kröfur á kennara að vera með samræmt útlit á prófum og ákveðnar grunn upplýsingar verða að vera á forsíðu allra prófa. Hver deildarstjóri og prófstjóri fer yfir heildarútlit prófa fyrir hvert próf svo samræmi sé á milli allra deilda.

Samantekt

Eins og hér hefur verið dregið saman er fjölbreytt sjálfsmat unnið hjá Keili og hafa innheimtur gengið vel í ár og flestar úttektir hafa skilað sér. Tveimur úttektum hefur ekki verið skilað, en það er sjálfsmatsskýrsla deilda fyrir tæknifræði og íþróttakademíu. Í október var gæðahandbók uppfærð og ýmislegt bætt inn í hana. Breytingar á handbók verða færðar inn fyrir 1. nóvember ár hvert, þannig að allar athugasemdir og breytingar á gæðahandbók verða að berast gæðaráði fyrir 1. október. Gæðaráð vill ekki koma með tillögur að fleiri úttektum þar sem nóg hefur verið að gera í að anna því sem er á listanum nú þegar og einnig vegna stórrar gæðaúttektar á vegum HÍ sem áætlað er að fara í í haust. Framkvæmdastjórn getur þó komið með tillögur ef þeir hafa einhverjar. Á komandi hausti er nauðsynlegt að framkvæmdastjórn skipi nýtt starfsfólk í gæðaráð þar sem tveir meðlimir hafa nýlega látið af störfum.

Gæðaráð mun fylgja eftir þeim úrbótatillögum sem fram hafa komið við hverja úttekt fyrir sig og sjá til þess að þeim verður framfylgt.

Framkvæmdastjóri Keilis og gæðaráð hefur aðgang að niðurstöðum allra kannana og annars innra mats inni á lokuðu drifi sem kallast gæðaráð. Einnig hefur verið farið yfir hverja könnun

fyrir sig með næsta deildastjóra og á framkvæmdastjórafundi ef við á. Fyrirhugað er að setja öll gögn inn á One system.